

# Stjórnarfundur SÍSL

## Fundargerð nr.13

### Símafundur, haldinn 9.janúar 2016, kl. 10:00

Mættir eru: Össur Geirsson, Margrét Sigurbjörnsdóttir, Snorri Heimisson, Ella Vala Ármannsdóttir og Kristjón Daðason.

## 1. Frá gjaldkera

Snorri segir vel ganga að rukka inn árgjöld, Verið er að rukka inn styrk frá Tónastöðinni.

## 2. Landsmót

Rætt er um fjölda.

Eins og er eru um 680 búnir að skrá sig

Linda Margrét Sigfúsdóttir í Garðabæ er mjög bjartsýn að taka á móti þessu fólki, en við þurfum að vera varkár að fara ekki yfir 700 manns..

Ekki er ólíklegt að þetta verði á bilinu 600-650 á endanum.

Skráningargjald fyrir 1. febrúar, það verður að vera mjög skýrt í bréfi til stjórnenda/foreldra hvert greiðslan á að fara.

Seyðisfjörður, borist hefur póstur frá skólastjóra sem vill ekki lengur vera á lista, Ella Vala athugar Berglindi Halldórsdóttur sem hafði tilkynnt um þátttöku á landsmóti f.h. Seyðisfjarðar.

Snorra finnst vanta eitthvert flott lag til að útsetja fyrir landsmót  
“í síðasta skipti” eða “skál fyrir þér”

### Afþreying á landsmóti

Sundferð-Galdramaður-Afþreying á laugardegi á vegum foreldrafélags Garðabæjar.

### Næsta landsmót

Tónlistarskólinn á Akureyri hefur lýst yfir áhuga sínum að halda C-sveitarmót á Akureyri 2017 vorönn, 200-300 manns Skoðum annaðhvort í apríl eða haust 2017.

fundi slitið kl.10:40, Næsti fundur verður 22.janúar.

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir



# Stjórnarfundur SÍSL

## Fundargerð nr.14

### Símafundur, haldinn 22.janúar 2016, kl. 10:40.

Mættir eru: Össur Geirsson, Snorri Heimisson, Ella Vala Ármannsdóttir og Kristjón Daðason.

## 1. Landsmót

- Össur útbjó bréf til allra stjórnenda varðandi greiðslur á staðfestingargjaldi kr.3000. Var samþykkt af stjórn. Þar kemur skýrt fram hvert greiðslan skal berast, hver hljómsveit/foreldrafélag á að senda á sísl í heilu lagi fyrir 1. febrúar. Einnig skjal þar sem forráðamaður fyllir út og staðfestir þátttöku fyrir sitt barn.
- Varðandi gistingu á landsmóti er gert ráð fyrir að allir gisti. Einnig þeir krakkar sem búa á höfuðborgarsvæðinu.
- Varðandi greiðslur, stjórnendur og fararstjórar borga sama gjald og börnin fyrir landsmót, hinsvegar er það oft þannig að foreldrafélagið yfirtekur þann kostnað eða börnin látin borga örlítið meira til að dekkja það.
- Linda Margrét Sigfúsdóttir í Garðabæ er í óða önn við að undirbúa landsmótsblaðið.
- Rætt var að auglýsa þyrfti hjá hljómsveitum að senda alls ekki inn myndir sem tilheyra e-m ákveðnum atvinnu- ljósmyndara. Leiðinlegt að fá reikninga senda frá þeim eftir.
- Snorri mun senda út myndir á hljómsveitir núna fljótlega frá Óskalögum í blásarabúningi í Hörpu, og er alveg tilvalið að nota þær myndir.
- Össur og Snorri eiga bókaðan fund með Lindu í Garðabæ næsta þriðjudag klukkan 10:15.

## 2. Fundur með fyrrverandi stjórn

Fyrrverandi formaður SÍSL, Vilborg Jónsdóttir, hefur óskað eftir fundi með nýju og gömlu stjórn félagsins til að greiða úr ákveðnum málum. Þetta munum við reyna að gera á símafundum næsta föstudag.

## 3. Frá Gjaldkera

Búið er að borga ferðastyrki fyrir Akureyri og Neskaupsstað. Spurning með Keflavík (enn hefur ekki borist beiðni til Sísl)

## 4. Útsetningar

Við verðum að passa að borga ekki útsetjurum fyrr en búið er að klára verkefni, t.a.m. að búið sé að fá leyfi frá lagahöfundum.

## 5. Styrkir

Össur hefur sent styrkumsókn til Ýlis vegna hugsanlegrar endurtekningar á blásaramaræponi í Hörpu.

Næsti fundur ákveðinn 29.janúar  
Ekki fleira gert og fundi slitið kl.11:25  
Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

# Stjórnarfundur SÍSL

## Fundargerð nr.15

### Símafundur, haldinn 29.janúar 2016, kl. 10:40.

Mættir eru: Össur Geirsson, Margrét Sigurbjörnsdóttir, Snorri Heimisson, Ella Vala Ármannsdóttir, Kristjón Daðason. Úr fyrri stjórn: Vilborg Jónsdóttir, Karen Sturlaugsson, Jóhann Stefánsson og Harpa Jóhannsdóttir

## 1. Fundur með fyrrverandi stjórn

Vilborg leggur til vinnulag verði þannig að þegar ný stjórn er ráðin verði fundur með gamalli stjórn til að fara yfir ýmis mál. Uppgjör var ekki klárað við Reykjanesbæ í fyrra og henni finnst eðlilegt að eldri stjórn sjái um það. Þetta snýst um upphæðina sem mótshaldarinn á að fá.

Fyrir Garðabæjarmótið gerum við ráð fyrir 1300 krónur á haus til mótshaldara og 1300 á haus til SÍSL sem á að vera böffer ef skildi verða tap á móti.

Jóhanni finnst eðlilegt að það er sama tala fyrir hvern þátttakanda þann sem heldur mótið hvort sem það er fjölmennt eða fámennnt. Hans uppástunga er að þau borgi 1300 og haldist svo þannig framvegis.

Vilborg er sammála bæði Jóhanni og Karen, ef mót er fámennnt þarf að meta það hvort á fámennnum mótum þurfi ekki að endurskoða þá tölu sem mótshaldari fær.

Össur leggur til að gamla stjórnin hittist á sér-símafundum og taki ákvörðun.

Aðalfundur hefur verið á föstudegi, er raunhæft að hafa hann 9:00-13:00?

Karen ætlar að senda gamlar fundargerðir til að hægt sé að setja þær inn á heimasíðu SÍSL.

## 2. Landsmót

### Diskótek

Linda Sigfúsdóttir skipuleggjandi í Garðabæ spyr um diskótekara, hefur fengið tilboð frá diskótekinu Dísu, 100.000, mælir með þeim.  
Samþykkt af stjórn.

### Dót

Dót frá fyrri stjórn, armbönd, blýantar (ekki mikið) o.s.frv. er allt í Grafarvogi, það er pantað hjá brosbolum, fín þjónusta, þarf að panta með löngum fyrirvara, helst núna. Væri sniðugt að taka birgðakönnun og Kristjón ætlar að gera það.

## **Slagverksmál**

Snorri hugmynd:

Fá einhvern eins og Gunna Ben til að sjá um slagverksleikarana. Búa til eitthvað rytmasjón.

Snorri talar við Gunnar Ben. Höfum samt slagverksleikara líka til að vera í samráði við Gunna.

Ella mun hafa samband við Rodrigo Lopes sem kennir á Akureyri.

Kristjón hugmynd; Lag eftir Ásgeir Trausta - skemmtilegt fyrir trommuhópinn

## **3. Aðalfundur**

15.4. hugsanlegur tími, 9:00-13:00 ætti að vera nóg.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl.11:25, Næsti fundur verður 6.febrúar kl.10:40

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

# Stjórnarfundur SÍSL

## Fundargerð nr.16

### Símafundur, haldinn 5. Febrúar 2016, kl. 10:40.

Mættir eru: Össur Geirsson, Margrét Sigurbjörnsdóttir, Snorri Heimisson, Ella Vala Ármannsdóttir og Kristjón Daðason.

## 1. Landsmót

### Frá Gjaldkera

9 búnir að borga.

Austurbær

Vestmannaeyjar

Hafnarfjörður

Eski/Rey

Grafarvogur

Austur-Hérað

Akureyri

Þorlákshöfn

Fáskrúðsfjörður (var ekki búinn að melda sig)

Kópavogur og Breiðholt borgar í dag

Dalvík ekki komið -Snorri sendir reikning vegna sérstakra aðstæðna, skólinn að borga en ekki einstaklingar

Fyrir utan þessa staði eiga 9 eftir að borga

Innheimta þarf bráðlega nákvæma skráningu frá öllum, hvaða upplýsingar þurfum við:

kennitölu, nafn, hvaða hljóðfæri, hvaða litahóp eru þau áætluð, stærð á bol, ofnæmi, mataróþol, grænmetisréttir, vegan? -rætt um að hafa grænmetisfæðið vegan til að slá tvær flugur í einu höggi.

### Slagverk

Þarf að athuga hvort slagverksleikarar fari í litasveit eða slagverkshóp

### Atriði

Óskar Guðjónsson saxófónleikari spyr hvort við höfum áhuga að fá atriði frá þeim bræðrum og hugsanlega Samma á landsmót.

Rætt og ákveðið að skoða það með Lindu í Garðabæ.

### Diskótek og blað

Linda Sigfúsdóttir er að ganga frá samningi við Diskótekið Dísu, allir sáttir við það.

Þau í Garðabæ eru komin af stað með blaðið.

Snorri mun senda myndir til hljómsveitanna.

Kristjón mun athuga birgðageymsluna og senda okkur upplýsingar um það hvað er til. Brosbolir hefur sent tilboð.

### **Prógramm**

Gott væri að finna úr lagasafni SÍSL fyrir hverja sveit og leyfa svo stjórnanda hvernar hljómsveitar að koma með 1 til viðbótar.

Tvennir tónleikar, 4 sveitir á hvorum tónleikum. Rúm fyrir 4-5 lög.

### **Verkefni fyrir næsta fund:**

Skoða nótnasafn og raða saman fyrir gulan 1.ár, rauðan 2.ár, grænan 3.ár, bláan elsta 4.ár.

Næsti fundur þri. 9.febrúar kl.19:00 heima hjá Össuri í Kópavogi

Ekki fleira gert og fundi slitið kl.11:20

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir



# Stjórnarfundur SÍSL

## Fundargerð nr.17

Fundur haldinn 9.febrúar í Kópavogi á heimili formanns klukkan 19:00  
Mættir eru: Össur Geirsson, Margrét Sigurbjörnsdóttir, Snorri Heimisson, Ella Vala Ármannsdóttir, Kristjón Daðason og Linda Sigfúsdóttir.

## 1.Landsmót

### Þátttaka

- Það lítur út fyrir 600-650 þátttakendur á mót, g.r.f. 1300 kr á haus til Garðabæjar og 1300 á sísl.

### Skipulag

- Við munum halda litaskiptingunni gulur-rauður- grænn og blár og ef það verða óvenjumargir í einhverjum litanna þá skiptum við því upp.
- Blýantur merktur sísl, almennur vilji til að láta gera svoleiðis fyrir mótið.
- Verðlaun á landsmóti fyrir þrúðmennsku, hvernig er hægt að þekkja hvaðan krakkarnir koma:
- Hugmynd: Nafnspjald með nafni þátttakanda og hvaðan þau koma. Múlalundi, -Kristjón ætlar að kanna hvað það kostar.
- Farandbikar, hvar er hann?
- Stefnt er að því að hafa kassa tilbúinn sem hver hljómsveit fær við komu: landsmótsblaðið, blýantur, nafnspjald...
- Ljósmyndari fyrir landsmót, Össur mun athuga með Heklu Flókadóttur. Hugmyndin er að taka á móti hverri hljómsveit á föstudegi og taka mynd af þeim. Afhending yrði svo í lok mótsins.
- Reyna á að festa Gunna Ben í að sjá um rytmasveit, gott væri að fá annan á móti honum sérstaklega ef hann getur ekki verið allan tímann. Við þurfum að vita hvað Gunni vill fá í laun fyrir þetta.
- Guðmundur Vilhjálmsson nefndi að bigbandið mundi vilja spila á setningarathöfninni, 1-2 lög. Ef hljómsveitir sem eru að koma vilja spila við mótssetninguna þá ætti það að vera opið.

### Tónleikar í IKEA/Garðatorg/Hagkaup

gefa skal hljómsveitunum kost á að halda sína tónleika áður en formleg mæting yrði á föstudeginum.

Linda ætlar að tala við þessa aðila sem fyrst, Kristjón, Snorri og Össur, allir til í að

gera þetta með sínum hljómsveitum.

### **Sundlaug**

Leigja skal rútu út á Álftanes og fara í sund þar frekar en að fara í sund í Garðabæ.

Sundlaugin á Álftanesi er stærri og flottari en sú í Garðabæ.

Linda mun tala við íþróttamannvirkis-tengilið um leið og fjöldinn er staðfestur og láta vita stærð hópanna, hafa þarf foreldra á bakkanum, auk starfsmanna laugarinnar.

### **Töframaður**

3 slot með 200 krökkum í hvert skipti, Linda þarf að ráða hann og semja um verð.

Rætt var hvort ætti ekki að minnka æfingatíma og leggja mikla áherslu á

Skemmtidagskrá.

### **Landsmótsblaðið**

16.mars er deadline að hafa blaðið tilbúið. Það er vegna þess að grafíski hönnuðurinn sem Linda hefur verið í sambandi við, vill hafa nægan tíma fyrir verkefnið. 5400 blöð fara í prentun.

### **Matur**

Foreldrafélagið þarf að hjálpa við morgunmat, það þarf að skipta hópnum upp í fjögur holl. Til að forðast biðraðir þarf að passa mikið upp á að hver hópur komi á réttum tíma.

### **Skjal með upplýsingum**

Skjal Össurs verður sent út á næstu dögum, þar koma allskonar upplýsingar, deadline 3.3 til að borga þáttökugjald og fá afsláttinn -13.500,

Það þarf að ákveða hverjir stjórna hljómsveitunum:

Allir stjórnendur sem koma á mótið þurfa annaðhvort að stjórna eða aðstoða við æfingar.

Ekki var fleira rætt,

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

# Stjórnarfundur SÍSL

## Fundargerð nr.18

**Símafundur, haldinn 19. febrúar 2016, kl. 10:40.**

Mættir eru: Össur Geirsson, Snorri Heimisson, Ella Vala Ármannsdóttir og Kristjón Daðason.

### 1. Landsmót

Fyrsta mál: Lög skoðuð og raðað niður á sveitir, fyrsta uppkast:

<p><b>Gulur</b></p> <p>Indíanalagið Rock Your Bones (Kristjón) Vinalagið Kyrrð</p> <p><b>Rauður</b></p> <p>Lagið um það sem er bannað Lagið um litina Kvöld í moskvu</p>	<p><b>Grænn</b></p> <p>Ryksugulagið Vor í vaglaskógi</p> <p><b>Blár</b></p> <p>Barfly Lífið er yndislegt Þannig týnist tíminn Ást</p>
--	---

### Fylgifiskar á landsmóti

Í sambandi við aukafólk sem kemur á landsmót (foreldrar sem teljast ekki fararstjórar)

1. Gistir og borðar og borgar fullt gjald
2. Koma sem gestir, borga ekki neitt, en fá þá ekki að borða.

### 2. Frá Gjaldkera

Tónlistarskóli Austur-Húnavatnssýslu- Blönduós hefur skráð sig til leiks

Víðistaðaskóli hefur ekki haft samband

Ekki enn komin staðfesting frá Gunna Ben.

### 3. Aðalfundur

#### Dagsettur 15.apríl

panta sal fyrir 15-20 manns, Kristjón ætlar að bóka sal.

#### Dagskrá

8:30 kaffi fyrir fund,

9:00 fundur hefst

10:00 pása

10:30-11:30 fundur

11:30 (létt) hádegispása

12:00 -13:00 fundur

Fundi slitið kl. 11:3, næsti fundur 26.febrúar

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

# Stjórnarfundur SÍSL

## Fundargerð nr.19

### Símafundur, haldinn 26. febrúar 2016, kl. 10:40.

Mættir eru: Össur Geirsson, Margrét Sigurbjörnsdóttir, Snorri Heimisson og Ella Vala Ármannsdóttir.

## 1.Landsmót

### Um skráningu:

- Snorri hefur ekki enn heyrt í Vigdísí Klöru, Snorri mun hringja í hana til að kanna málið hvort hún ætli að vera með í Landsmóti.
- Kári Húnfjörð á Seltjarnarnesi hefur ekki enn borgað staðfestingargjald en mun hugsanlega senda hóp með foreldrum.
- Baldur frá Grundarfirði enn óvissa ca.12 þátttakendur
- Skafti Húnfjörð í Skagafirði hefur greitt staðfestingargjald.
- Garðabæ hefur verið sendur reikningur.
- Dalvík hefur greitt.

Endanleg borgun fyrir 1.4.

-ákveðið er að gera ekki veður útaf því ef einhverjir bætast við þar sem færri eru hafa nú greitt staðfestingargjald heldur en við gerðum ráð fyrir.

Fólk sem kemur með til að styðja við börnin sín muni ekki eiga möguleika að kaupa mat, eða gista.

Pau þyrftu þá að greiða fullt gjald sem fararstjórar.

Það þarf að vera einhverskonar stjórnstöð, upplýsingaborð sem við getum bent fólki að leita til ef eitthvað vantar. T.d. bönd fyrir fararstjóra, klósettpappírkontról og annað.

### Drög að dagskrá

Össur, Snorri og Margrét munu hitta Lindu Sigfúsdóttur og svo munum við klára dagskrána á símafundum.

Stefnt á næsta miðvikudagsmorgunn.

Sund: 50-70 börn í einu geta farið í sund í Álftaneslauginni,

Til að skipulagið geti verið sem best þyrfti að splitta hljómsveitunum í tvennt og annar hópurinn færi í ratleik á meðan hinn fer í sund.

### Útsetningar

Snorri er að kanna áhuga á útsetningum á hitturum:

hefur útsett lag með Biber sem heitir Love yourself -myndi henta vel

Össur talar um að Raddirnar eftir Grétu Salóme myndi líka henta vel í útsetningu fyrir Landsmót.

## **2. Aðalfundur**

Snorri þarf að gera uppgjör og láta endurskoða reikningana.

Fundi slitið kl. 11:30, næsti fundur 4.mars kl.10:40

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

# Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.20

**Símafundur, haldinn 4. mars 2016, kl. 10:40.**

Mættir eru: Össur Geirsson, Snorri Heimisson, Ella Vala Ármannsdóttir, Margrét B. Sigurbjörnsdóttir og Kristjón Daðason.

## 1 Landsmót

Skráning gengur vel, flestir búnir að greiða og senda skráningarsjöl. Snorri er búinn að færa inn allar greiðslur í excel skjalið "Landsmót Garðabær 2016" sem vistað er á Googlesvæði SÍSL.

Snorri ætlar að hafa samband við ljósmyndara, Gunnar Frey, gunnarfreyr.com og fá fast verðtilboð í að taka myndir af öllum sveitunum á landsmótinu. Myndirnar ættu að komast inn í ramma í stærðinni A4, þ.e. vera eitthvað minni en A4. Snorri athugar líka með prentun á myndunum og innrömmun.

Undirbúningsfundur með fulltrúa Garðabæjar: Össur, Snorri og Margrét funduðu með Lindu Margréti Sigfúsdóttur vegna landsmótsins. Gekk vel og búið er að setja upp lauslegt plan, Össur hefur farið aðeins yfir planið og ætlar að senda út á stjórn SÍSL til skoðuna.

Rætt um mikilvægi er að hljómsveitarstjórar á landsmóti viti að þeir stjórna þeim tíma sem þeir hafa til umráða, þ.e. að setja upp pásur og brjóta upp æfingar með leikjum eins og passar fyrir hvern hóp. Þeir þurfa samt að halda þeim tímaramma sem þeim er gefinn.

Stjórn skiptir með sér verkum til að hafa samband við þær hljómsveitir sem ekki hafa gengið frá skráningu eða greitt þátttökugjald:

- Vestmannaeyjar - Ella Vala hringir í Jarl Sigurgeirsson
- Blönduós -Snorri hringir í Skraphéðin H. Einarsson
- Hafnarfjörður - Margrét hringir í Helgu Björgu Arnardóttur
- Grundarfjörður hefur ekkert borgað eða skráð - Kristjón mun hringja í Baldur.

Mikilvægt að fá góða skráningu sem fyrst, svo hægt sé að raða í litasveitirnar og ganga frá dagskrá.

## 2 Aðalfundur SÍSL

Kristjón hefur fengið tilboð frá Lækjarbrekkur fyrir aðalfundinn. Það er of dýrt og of mikill matur innifalinn. Auk þess var tilboðið miðað við 30-40 manns. Kristjón fer aðra um ferð í að leita tilboða. Þarf að miðast við 15-20 manns.

Snorri mun hafa samband við endurskoðand upp á að endurskoðaðir reikningar verði tilbúnir á aðalfundi. Á eftir að fá á hreint við hvaða dagsetningar uppgjörsárið er miðað. Snorri mun finna út úr því.

### **3 Óskalög þjóðarinnar í Hörpu**

SÍSL hefur fengið styrk Ýli til að halda óskalagatónleika í Hörpu næsta haust upp á 500.000 kr. Styrkurinn bundinn við að íslensk tónlist sé flutt, þó ekki verði bannað að vera með aðra tónlist. Spurning hvort það sé of mikið að vera með svona tónleika á hverju ári. Væri etv. heppilegt að hafa svona samkomur annað hvert ár?

### **4 Útsetningar**

Snorri var að klára útsetningu á vinsælu lagi eftir Justin Biber, ætlar að senda á stjórnina til að skoða. Spurning hvort þetta nýtist á landsmóti?

### **5 Næsti fundur**

Næsti fundur ákveðinn 11. mars, símafundur.

Fundi slitið kl. 11:22.

Fundargerð rituðu Ella Vala Ármannsdóttir og Össur Geirsson



# Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.21

**Símafundur, haldinn 11. mars 2016, kl. 10:40.**

Mættir eru: Össur Geirsson, Snorri Heimisson, Ella Vala Ármannsdóttir og Kristjón Daðason.

## 1. Landsmót

Baldur Rafnsson á Grundarfirði mun ekki koma með sína nemendur.

Peir sem hafa sent skráningarblað:

489 spilarar

68 fylgjendur

557 manns

gulur 135

rauður 102

grænn 123

blár 79

slagverkssveit 50

Össur talar um að sísl vilji efla útgáfu af íslensku efni og vill þessvegna eigi sísl ekki að kaup útsetningu af erlendu efni.

Snorri ætlar að senda útsetninguna sína af Justin Biber lagi sem til greina kemur að nota á landsmótinu.

Notum helgina í það að fylla út í google skjal í landmót Garðabæ lög sem við teljum passa fyrir viðkomandi hóp.

### Vangaveltur um skiptingu í sveitir

Lítur út fyrir að skipta gula í appelsínugulan og gulan. Rauður er líka stór, hugmynd að bjóða hópnum að færa yfir í appelsínugulan.

Græna sveitin er stærsta sveitin, kannski mætti skipta henni í tvennt.

### **Hringja í aðila sem ekki hafa sent skráningar blað**

Þessir þurfa að skila inn skráningunni eins fljótt og auðið er, hringt verður í þessa staði og beðið um skráningu fyrir mánudag í allra síðasta lagi:

- Vestmannaeyjar-Ella Vala 4882252 / 6901167
- Vesturbæinn-Ella Vala
- Skagafjörður-Snorri
- Hafnarfjörður-Össur
- Egilsstaðir-Kristjón
- Selfoss-Snorri

### **Landsmótsblaðið**

Linda Margrét vill senda spurningalista á stjórnendur, hafa viðtal við einn aðila úr hlómsveit og mynd til að fylla upp í blaðið.

Sendi þarf inn myndir af sveitunum fyrir blaðið fyrir 15.mars

### **Ljósmyndarinn**

Dýrara en búist var við, en aukakostnaðurinn hlýst aðallega af því að ljósmyndarinn ætlar að ramma myndirnar inn. 3.200 fyrir mynd, 1.900 útprentun, innrömmun 3000kr

Heildarkostnaðurinn var 8.100 á hverja hlómsveit.

Það ætti að biðja hann um að prenta á myndina hvar myndin er tekin s.s. "landsmót SÍSL í Garðabæ 2016"

Samþykkt af stjórn.

## **2. Fjármál**

Snorri mun hitta endurskoðandann í næstu viku,

Hann hefur verið að vinna í að fá gögn frá Jóhanni Ingva Stefánsson.

## **3. Aðalfundur**

Kristjón vill hafa þetta í Húsaskóla og panta þangað mat.

Hægt að halda fundinn í tónmenntastofu.

Það sparast ca. 50.000 krónur í salarleigu.

Borða svo inni á kennarastofu, panta mat frá Nings eða samlokur frá Sóma.

Samþykkt af stjórn.

-Kristjón hefur samband við alla staði sem hann hefur verið í sambandi til að þakka þeim fyrir tilboðin en við munum leita annað.

## **4. Næsti fundur**

Næsti fundur ákveðinn 18. mars, símafundur.

Fundi slitið kl. 11:31

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

# Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.22

**Símafundur, haldinn 18. mars 2016, kl. 10:40.**

Mættir eru: Össur Geirsson, Margrét Sigurbjörnsdóttir, Snorri Heimisson, Ella Vala Ármannsdóttir og Kristjón Daðason.

## 1 Landsmót

Kristjón verður væntanlega ekki á landsmótinu. Barnshafandi.  
Allir hafa skilað inn.

701 eru skráðir  
602 börn og 99 fararstjórar

Snorri mun taka það saman hverjir eru ekki búnir að borga allt.

Fjárhagsáætlun er nokkuð góð, kosnaður per hljóðfæraleikara skv. áætlun.

### Lög fyrir sveitirnar:

Við teljum ekki vera til nógu mikið úrval laga sem eru nógu auðveld fyrir gula/appelsínugula sveit, mætti auglýsa eftir fleiri þannig lögum.

Útsetningar Malcolm Holloway gæti hugsanlega gengið fyrir gulan,  
Sex lög saman: Öxar við ána, á sprengisandi, ó nema ég, siggi var úti, hafið bláa hafið.

Við tökum okkur tíma í dag til að skoða lög og setja inn á þennan lista, senda út listann helst á mánudaginn.

### Vangaveltur um skiptingu í sveitir

- Við skiptum grænu sveitinni í tvennt
- Bláa sveitin er þá elítusveitin

### Óskir um stjórnendur

Össur mun hafa samband við þessa aðila sem fyrst.

Stjórnendur	Aðstoðarstjórnendur
Jóhann Stefánsson	Sveinn Birgisson
Einar Jónsson	Helga Björg Arnardóttir
Snorri Heimisson	Ella Vala Ármannsdóttir
Vilborg Jónsdóttir	Gestur Áskelsson
Daði Þór Einarsson	Þórður Magnússon
Harpa Jóhannsdóttir	Skarphéðinn Húnfjörð Einarsson

## 2 Fjármál

- Snorri hefur gert uppgjör, skoðunarmenn þurfa að fara yfir áður en skýrslan er framsett á aðalfundi.
- Við setjum okkur upp þá stefnu um að greiða ekkert nema að hafa reikning í húsi.
- Við erum með of marga reikninga í gangi. Þarf að sameina og eyða a.m.k. 4 þeirra.
- Við þurfum að leita eftir leiðum til að hafa peninga félagsins að hluta á lokuðum reikningi þar sem ávöxtun er, og svo annan reikning með ákveðinni upphæð sem er þá á debetreikningi.

## 3 Aðalfundur

Búið að ganga frá Húsaskóla sem staðsetningu. Kristjón mun svo afpakka hinar staðsetningarnar.

## 4 C-sveitar landsmót 2017

Leggjum höfuðið í bleyti vegna staðsetningar landsmóts C sveita 2017. Ella Vala telur að tímasetningin sé ekki nógu góð næsta vetur á Akureyri.

Fundi slitið kl. 11:31, næsti fundur mánudaginn 21.mars kl.9:00

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

# Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.23

**Símafundur, haldinn 1. apríl 2016, kl. 10:40.**

Mættir eru: Össur Geirsson, Snorri Heimisson, Ella Vala Ármannsdóttir, Kristjón Daðason og Margrét Sigurbjörnsdóttir.

## 1 Aðalfundur 15.apríl

Kristjón ætlar að taka að sér að minna á aðalfund og biður um að fólk láti vita að það komi eða komi ekki. Sendir á póstlistann.

Snorri hefur látið endurskoða reikninga, Jóhann Björn Ævarsson og Jóhann Moravek eru skoðunarmenn skv. fundargerð síðasta aðalfundar. Snorri þarf að hafa samband við þá.

Veitingar fyrir aðalfund, Snorri og Kristjón taka að sér skipulag á því. Össur útbýr skýrslu stjórnar.

## 2 Útsetningar

Á aðalfundi í fyrra var óskað eftir kvartettútsetningum.

Sendum út á póstlistann hvort einhverjir hafi áhuga á að útsetja. Þetta eiga að vera að einfaldar útsetningar fyrir A-B sveitir.

Biðja um hugmyndir að lögum, þurfa að vera íslensk lög eða hefðbundin lög sem fólk þekkir sungin á íslensku.

Nótnanefndin þarf að vera virk í að meta hvað við getum notað og hver ekki.

Össur ætlar að koma út beiðni um útsetningar

## 3 Landsmót

- Nafnspjöld hjá Reykjalandi, Kristjón vill halda áfram að kanna það. Og senda okkur upplýsingar um þau. Lógó, nafn barnsins, nafn hljómsveitar í minni stöfum.
- Pöntun hefur verið send út fyrir bolina.
- Tekið hefur verið tilboði frá TEX-rútfyrirtækinu til að sjá um akstur í sund
- Einnig þarf að leigja sendibíl til að hafa á staðnum.
- Fjárhagsáætlunin stenst, Össur á eftir að fá tilboð fyrir ljósabúnaði og hljóðbúnaði.
- Tónleikar B-sveita í fimleikasal Stjörnunnar. Þetta er vegna þess að hinir salirnir sem við erum með eru mjög líklega of litlir fyrir alla gestina. Salurinn frír en Stjarnan verður með kaffisölu.

Við þurfum mannskap til að taka dýnur og dót og setja til hliðar á laugardegi, og eins stilla upp aftur á sunnudegi.

Össur mun útvega fólk á laugardeginum.

Snorri og Kristjón þurfa 10-20 manns til að laga til eftir tónleikana. Gert er ráð fyrir að þeir komi að hlusta, verði eftir og taki svo dýnur og gólfplötur og setja á sinn stað ásamt slám. Verkstjóri frá Stjórnunni verður á svæðinu. Þetta gæti tekið 2-3 tíma.

### **Skipulag**

Upplýsingabréf fyrir foreldra, Ella Vala útbýr það.

Snorri þarf Heyra í Gunna Ben og fá staðfestingu.

Litlar svaranir frá stjórnendum, svo sem myndir í blaðið og tónleikar í IKEA.

### **Frá Gjaldkera**

16 manns frá Vestmannaeyjum hafa ekki greitt rest.

Snorri hefur samband við alla á netinu og sér svo hverjir eru eftir, hefur samband við þá símleiðis.

## **4 Næsti fundur**

Næsti fundur óákveðinn, verðum í tölvusambandi.

Fundi slitið kl. 11:29

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

Aðalfundur SÍSL 15. apríl í Húsaskóla.

Jóhann I. Stefánsson fundarstjóri  
Margrét B. Sigurbjörnsdóttir ritar.

Mætt eru: Helga Björg Arnardóttir - Hafnarfjörður, Bragi Vilhjálmsson - Garðabæ, Guðmundur Vilhjálmsson - Garðabæ, Gestur Áskelsson - Þorlákshöfn, Kári H. Einarsson - Seltjarnarnes, Martin Markvöll - Stykkishólmur, Sandra Rún - Reykjanesbær, Karen Sturlaugsson - Reykjanesbær, Vilborg Jónsdóttir - Austurbær, Jóhann Björn Ævarsson - Grafarvogur, Berglind Halldórsdóttir - Egilsstaðir, Össur Geirsson - Kópavogur, Margrét B. Sigurbjörnsdóttir - Kópavogur, Jóhann Stefánsson - Selfoss, Snorri Heimisson - Árbær/Breiðholt, Kristjón Daðason - Grafarvogur, Einar Jónsson - Grafarvogur, Daði Þór Einarsson - Mosfellsbær

Skýrsla formanns: Formaður Össur Geirsson les skýrslu sína um starfsemi félagsins síðasta ár.

Skýrsla samþykkt og orðið gefið laust um hana. Enginn gerir athugasemd við skýrslu formanns.

Skýrsla gjaldkera: Snorri Heimisson leggur fram endurskoðaða reikninga ársins. Skoðunarmenn reikninga eru Jóhann Björn og Jóhann Moravek og hafa þeir lagt blessun sína á reikningana auk þess sem bókhaldið hefur verið skoðað af endurskoðanda.

Í ársreikninga vantar styrki frá Tónastöð og FÍH sem eru í innheimtu.

Sjóðir SÍSL liggja á 6 reikningum í Arionbanka og innan stjórnar hefur verið rætt um að sameina reikninga og vera aðeins með tvo, veltureikning og geymslureikning.

Óskað eftir athugasemdum vegna reikninga, Össur telur Einar eiga inni vegna útsetninga en Einar er ekki vis um að svo sé. Ætlar að skoða málið og láta vita. Spurt því árgjöld 2015 séu svo mikið lægri en 2014, líkleg skýring er að eitthvað af árgjaldi 2015 hafi talist með 2014 við uppgjör. Össur leggur til að þetta verði skoðað og útskýring fundin.

Reikningar samþykkir af fundarmönnum.

Lagabreytingar eru engar.

Stjórnarkosningar: Gr. 5 í lögum félagsins lesin af fundarritara þar sem fjallað er um fjölda í stjórn og hversu margir eru kosnir í hvert sinn. Nú þarf að kjósa 2 stjórnarmenn í stað Snorra Heimissonar og Margrétar Birnu. Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir og Kristjón Daðason sitja áfram í stjórn. Gestur og Guðmundur Vilhjálmsson bjóða sig fram og voru þeir boðnir velkomnir með lófataki og húrrahrópum.

Kostning í varastjórn: Daði Þór Einarsson er boðinn fram af Kristjóni Daðasyni og Bragi Vilhjálmsson býður sig fram. Klappað fyrir þeim og þeir boðnir velkomnir.



Skoðunarmenn reikninga buðu sig fram áfram, Jóhann Björn Ævarsson og Jóhann Moravek.

Ákveðið gjald næsta árs. Stjórn leggur til óbreytt árgjald. Jóhann Björn segir að varast beri að láta árgjaldið ekki fylgja breytingum á verðlagi, árgjaldið þurfi að fylgja öðrum verðhækkunum. Einróma samþykkt að hafa árgjald óbreytt.

Önnur mál.

Orðið er laust fyrir hvaðeina sem mönnum liggur á hjarta. Kári ræðir óskalög þjóðarinnar, þær kröfur sem gerðar voru í haust voru þannig að hann gat ekki verið með. Össur svarar að slakað verði á þeim kröfum, þó verði krafan um íslenska tónlist áfram í brennidepli. Þema næsta haust verður útvíkkað þó þráðurinn verði efalaust íslensk tónlist. Þeir sem tóku þátt síðast voru mjög ánægðir og um 300 áheyrendur að meðaltali í salnum allan daginn. Árni Blandon sem á lagið Dimmar rósir, sat alla tónleikana og skemmti sér hið besta. Snorri segist hafa verið mjög ánægður með daginn en er sammála því að víkka efnisval og Jóhann Stefánsson tekur undir það. Styrkur frá Ýli fékst fyrir tónleikum næsta haust. Jóhann Björn spyr hvort einhverstaðar sé kennsla í útsetningum og hvort nemendur í útsetningum gæti fengið það verkefni að útsetja fyrir Óskalögin. Það er hægt að hafa það bakvið eyrað og skoða að koma þessu áfram til þeirra stjórna td. Listaskólanum. Vilborg talar um að einhver þurfi að kynna hvernig útsetningar fyrir barnalúðrasveit þarf að vera og að þetta ferli taki langan tíma.

Vilborg: Lárus á Akranesi tjáði sig við Vilborgu um áhyggjur vegna starfs lúðrasveita og blásara. Erfitt sé að fá nemendur á ákv. hljóðfæri og þurfi kynningu út um land, hljóðfærakynning, myndband til kynningar, svona svipað eins og Tónlist fyrir alla, allt til að kynna blásturshljóðfærin, Berglind Egilsstöðum tekur undir og væri til í að fá lúðrasveit austur með öllum hljóðfærum, krakkar fyrir austan þekki ekki hljóðfærin og því sé ekki sótt um á þau. Styrkir til ferða til að kynna lúðrasveitir.

Snorri stingur upp á stóru sveitirnar gætu skipt landinu á milli sín og farið í heimsóknir og tónleikaferðir og SÍSL gæti styrkt þessar ferðir. Vilborg segir að það þurfi meira en bara tónleika, það þurft að kynna starfsemina og vera í sambandi við skóla til að vita hvað þurfi til að efla starfið á hverjum stað.

Berglind segir frá starfinu í Stafanger, tónleikar fyrir 3. og 4. bekk og svo helgarnámskeið fyrir þau þar sem þau prófa hljóðfærin og velja út frá því. Kári spyr hvort eitthvað hafi komið út úr því þegar landsmót var í Grindavík, hvort starfið hafi aukist. Svo virðist ekki vera.

Daði Þór Einarsson mætir á fundinn.

Snorri talar um að hann fari inn í skóla með bækling, en Vilborg talar um að þetta þurfi að vera sniðið að þeim stað sem heimsækja á, hvaða hljóðfæri vantar, hvað er pláss fyrir marga osfr. Össur er sammála því að það þarf að undirbúa svona vel og það þarf að fylgja þessu eftir líka og það kemur í hlut heimamanna. Einar og Össur tala um Stundina okkar og telja það góða leið til að kynna hljóðfæri, senda greinar og myndir í bæjarblöðin, foreldrar sjái "óvinsælu" hljóðfærin. Daði minnst á Krakka RÚV og krakkafréttir. Talar líka um skólagjöld fyrir blásturshljóðfæri. Jóhann Björn talar um hvort ráða eigi framkvæmastjóra til að sjá um tengingar og uppbyggingarstarf á landsbyggðinni. Sú manneskja gæti séð um t.d. styrkjaöflun. Vilborg vill að sameiginleg ákvörðun sé tekin um hvernig á að verja sjóðum SÍSL, spurningin er í hvað. Til þess að hægt sé að halda við

sjóðum þarf að passa að eitthvað komi inn í staðin, td. með landsmótum. Vilborg spyr hvort einhver einn ákveðinn verði á vegum SÍSL sem tekur myndir og myndefni, viðtöl og fl. og setur beint inn á síður félagsins á Facebook og fl. Tala við fjölmiðla um að koma á mótið. Össur kallar eftir skoðun fundarmanna á framkvæmdastjóra, Kári segir að þegar hann, Karen og Helga voru í stjórn var þetta rætt, en hans álit er að SÍSL sé ekki nógu stórt og öflugt félag til að vera með starfsmann í vinnu. Spurning hvort sveitarfélögin gætu komið inn í og tekið þátt. Jóhann Björn vill að allir félagsmenn verði skráðir inn á kennitölu til að sýna fram á stærð félagsins. Jóhann Björn leggur til Fjölmiðladeild Borgarholtsskóla til upptöku og fl. á landsmótinu. Daði minnst á nemendur í Kvikmyndaskóla Íslands, þeir hafi tekið upp tónleika fyrir hann. Vilborg áfram með framkv.stj.: Reyndi mikið að fá starfsmann hjá SÍL á sínum tíma í samvinnu við ýmsa í tónlist. Ekkert varð úr því, en spyr hvort hægt væri að ráða til skamms tíma í einstök verkefni nk. verktaki. Fjölmiðlar verða oftast út undan þegar kemur að skipulagningu við stór verkefni eins og landsmót, en með manneskju í vinnu gæti hún séð um það. Telur SÍSL þó of lítið til að standa undir manni í fastri vinnu en verktaka gæti þó skilað einhverju. Össur segir að mjög erfitt sé að koma tónleikum í fjölmiðla en ef manneskja í verktöku hefði ma. það verkefni að afla styrkja gegn prósentu.

Össur ræðir næsta landsmót: Akureyri kemur ekki til greina, Seltjarnarnes er í umræðu en Kári leggur til að við mætum heim til Skarphéðins. Er áhugi á að hafa C sveitar landsmótið með sama sniði og var í Reykjanesbæ eða eitthvað annað? Ef með sama sniði, þarf það þá að vera nær höfuðborgarsvæðinu upp á að fá fólk til að vera með námskeið og mastecclass. Upp kemur hugmynd um Akranes en fréttir herma að Lárus sé hættur þar. Óskað eftir hugmyndum: Blönduós, Kópavogur, Borgarnes? Apríl er ekki góður fyrir C sveitarmót, haustið betra og jafnvel í janúar. Næsta stjórn ákveður tímastningu og skoðar staðsetningu. Skoðar einnig hugmyndir um ferðastyrki fyrir þá sem langt eiga að sækja á mót. Ákveðið að 2022 verði landsmót á Seltjarnarnesi í tilefni þess að þá verða 50 ár frá því að fyrsta landsmótið var haldið.

Ferðastyrkir: hljómsveitir á höfuðborgarsvæðinu hafa fleiri og betri möguleika á fjáröflun, markaðurinn fljótur að mettast á litlum stöðum úti á landi og er Össur á því að það ætti að styrkja þær sveitir sem langt eiga að fara.

Marabontónleikar í Hörpu: Var síðasti tími hentugur? Fólk almennt sátt við október og verður stefnt á sama tíma næsta haust.

Upplýsingaflæði vegna landsmóts, er það nægt/of mikið? Einar ánægður en sagði að allar þessar upplýsingar þurfi að vera aðgengilegar á heimasíðu SÍSL. Daði spyr um þann afslátt sem gefinn var, hann hafi notað afsláttinn til að nota á móti kostnaði vegna mótsins og taldi óþarfi að upplýsingar um hann væru í þeim gögnum sem foreldrar fá. Í vinnslu er upplýsingapakki til stjórnenda sem sendur verður út fljótlega. Þar koma fram atriði vegna skipulags æfinga á landsmóti, ofl. Gunnar Ben getur ekki verið með á landsmótinu, Jón Björgvinsson og Þorvaldur verða með slagverkshópinn, og verða nánari upplýsingar sendar út þegar skipulag slagverksins verður klárt.

Martin segir frá að lausar séu stöður við blásarakennslu í Stykkishólmi.

Karen spyr um ferð sem rædd var á síðasta aðalfundi á ráðstefnu USA. Karen segir þetta mjög skemmtilegt og fræðandi. Námskeið, tónleikar og sýningar. MidWest.

Daði ræðir það að stórsveitamarabon í Hörpu sé á sama degi og landsmót.

Karen: Segir frá námsferð kennara frá Lofoten sem langar til að koma á landsmótið í Garðabæ og skoða.

Össur og Kári ræða útsetningar. Litlir hópar, allt niður í 3 spilara. Starfið datt mikið niður í haust hjá Kára og hann varð því að finna útsetningar fyrir þann hóp sem hann hafði. Ungir spilarar og lítil þekking. Fyrstu tveir tónarnir notaðir í útsetningu osfrv. eftir því sem þekkingin eykst og þau læra fleiri tóna. Allt frá tveim röddum upp í 4-5. Fólki líst vel á og gæti vel hugsað sér að nota þetta fyrir ungar og fámennar sveitir og fleira í sama stíl. Össur talar um útsetningar með super part fyrir trommara sem geta aðeins meira, lag virkar stærra og merkilegra þegar trommurnar hljóma meira. Stefna SÍSL er að gefa út íslensk lög, sem getur þó verið tegjanlegt. Stjórnendur geti notað lög milli sveita þó útsetning sé merkt B sveit að nota hana líka í C sveit. Össur og Kári ræða framhaldið. Raddskrár þeirra laga sem SÍSL gaf út í haust hafa ekki verið prentaðar, fólk á því að þess þurfi og í sömu prentun verði tekin lög frá Kára.

Össur búinn með það sem hann vill ræða, einhver annar með umræðuefni?  
Enginn biður um orðið og því er fundi slitið, þó einhverjir sitji eftir og spjalli.

Fundi slitið kl. 12:20.

Fundarritari  
Margrét B. Sigurbjörnsdóttir  
Skólahljómsveit Kópavogs

# Aðalfundur SÍSL

*haldinn í Húsaskóla, Grafarvogi 15. apríl 2016*

## Skýrsla stjórnar

Liðið starfsár hefur verið annasamt hjá stjórn SÍSL en jafnframt ánægjulegt og árangursríkt. Það er því ánægjulegt að líta yfir farinn veg og gera grein fyrir starfinu í stuttri skýrslu stjórnar.

Stjórn SÍSL sem kosin var á aðalfundi ársins 2015 skipuðu Össur Geirsson formaður, Harpa Jóhannsdóttir gjaldkeri, Ella Vala Ármannsdóttir ritari ásamt Snorra Heimissyni og Kristjóni Daðasyni meðstjórnendum. Varamenn voru kosin þau Daði Einarsson og Margrét Birna Sigurbjörnsdóttir. Sú breyting varð hins vega á stjórnskipan í upphafi vetrarstarfsins að Harpa Jóhannsdóttir óskaði eftir að færast úr stjórn yfir í vararstjórn. Ákvað stjórnin í framhaldi af því að Margrét Birna Sigurbjörnsdóttir tæki sæti hennar í aðalstjórn og að Snorri Heimisson tæki að sér stöðu gjaldkera.

Stjórnin hélt 23 fundi á starfsárinu, þar af einn með fyrrverandi stjórn til að leysa úr ákveðnum verkefnum og fá upplýsingar um ýmis mál. Flestir fundirnir voru símafundir enda ritari stjórnar staðsettur á Akureyri.

Stefna samtakanna var rædd á fyrsta fundi nýrrar stjórnar og hugmyndir um leiðir til að efla starf blásarasveita voru ræddar. Ákveðið var að setja á oddinn að koma heimasíðu SÍSL í gagnið en vinna við hana hafði legið niðri í einhvern tíma. Önnur verkefni voru m.a. landsmót A og B sveita, nótnaútgáfan eilífa og maraþónleikar.

## Heimasíða SÍSL

---

Eftir að stjórnin hafði mótað hugmyndir um tilgang heimasíðunnar og æskilegt viðmót var sett pressa á Grétar Magnússon umsjónarmann síðunnar um að ljúka uppsetningu hennar og ganga frá henni inn á lénið [www.sisl.is](http://www.sisl.is). Síðan er unnin í WordPress vefumsjónarforriti sem er mjög aðgengilegt fyrir ófaglærða og því auðvelt fyrir stjórnina að vinna með síðuna og setja efni inn á hana. Kristjón var svo skipaður sem aðalumsjónarmaður síðunnar. Á síðunni geta félagar í SÍSL nálgast nótur af þeim útsetningum sem við höfum gefið út á síðustu árum, lesið fundargerðir og nálgast upplýsingar um samtökin og verkefni þeirra.

## Óskalög þjóðarinnar

Eitt af fyrstu verkefnum nýrrar stjórnar var að skipuleggja maraþontónleika í Norðurljósasal Hörpu undir heitinu „Óskalög þjóðarinnar“. Með leyfi Sagafilm, sem framleiddi samnefnda sjónvarpsþætti fyrir RÚV var unnið út frá því þema að allar sveitir sem fram kæmu léku að minnsta kosti tvö af þeim lögum semkepptu um titilinn óskalag þjóðarinnar og að efnisskráin yrði íslensk að öðru leyti. Til stóð að selja inn á tónleikana til að hafa upp í kostnað en vegna tilmæla frá hljómsveitum sem þátt tóku og í ljósi mjög góðrar fjárhagsstöðu samtakanna var ákveðið að hafa frítt inn á tónleikana. Einnig styrktu samtökin þær hljómsveitir sem áttu lengst að sækja um ferðakostnað. Tónleikarnir voru haldnir þann 15. nóvember og gengu mjög vel í alla staði. Fjórtán hljómsveitir komu fram og léku samtals í sjö klukkustundir og sá Jón Ólafsson tónlistarmaður um að kynna hljómsveitirnar og segja um leið aðeins af óskalögum þjóðarinnar. Í þessu samhengi má svo geta þess að við sóttum um og fengum 500.000 króna styrk frá Ýli, tónlistarsjóði Hörpu fyrir ungt fólk, til að halda sambærilega tónleika næsta haust. Eftir er að ákveða hvernig þemað verður útfært á tónleikunum en við munum örugglega slaka á kröfum og hafa þemað víðara til að gefa hljómsveitum svigrúm til að velja efnisskrá út frá sínum forsendum

## Nótnaútgáfa

Í tengslum við óskalagatónleikana óskaði stjórn SÍSL eftir útsetningum af þeim óskalögum sem ekki höfðu þegar verið útsett fyrir blásarasveitir. Viðbrögð útsetjara voru ekki mikil, enda kannski stuttur tími gefinn til að skila útsetningum. Við fengum þó fínar útsetningar frá Einari Jónssyni og Þórði Magnússyni auk þess sem undirritaður lagði til útsetningar.

Þessi lög voru útsett:

Fyrir A sveit, Dimmar rósir, Þú fullkomnar mig og Fjöllin hafa vakað

Fyrir B sveit, Tvær stjórnur, Ást og Þannig týnist tíminn

Fyrir C sveit, Söknuður, en sú útsetning er reyndar ófrágenginn enn.

Í þetta sinn fór stjórnin þá leið að sækja um styrki fyrir útsetningunum og fengust styrkir frá Nótнасjóði Stefs, Ríkisútvarpinu og Tónastöðinni fyrir öllum útsetningunum. Því gátum við gert þessar útsetningar aðgengilegar öllum hljómsveitum í SÍSL þeim að kostnaðarlausu.

Reyndar á eftir að ganga frá prentuðum raddskrá og vonandi næst að klára það fyrir vorið.

Nótnanefnd SÍSL fékk það verkefni að fara yfir útsetningarnar sem bárust og meta þær.

Nefndina skipuðu Karen Sturlaugsson, Daði Þór Einarsson og Einar Jónsson.

Í framhaldi af viðræðum við STEF gerðum við ríkari kröfur á að útsetjarar hefðu skriflegt leyfi höfunda fyrir útsetningunum og leggur undirritaður til að það verði í framtíðinni gert að skilyrði fyrir kaupum á útsetningum að slíkt leyfi liggi fyrir, á þar til gerðu eyðublaði sem fánlegt er hjá STEF-i. Það yrði svona fyrsta skref í að gera allar útsetningar SÍSL opinberar.

Næsta verkefni SÍSL er að koma til móts við óskir félagsmanna frá síðasta aðalfundi um einfaldar, fjögurra til fimm radda útsetningar, sem hægt væri að nota fyrir samspilshópa af ýmsum stærðum og gerðum, smáum og stórum. Nú þegar hafa Martin Markvoll og Kári

Einarsson lýst yfir áhuga sínum á að gera slíkar útsetningar fyrir okkur, auk þess sem við höfum fengið ábendingar frá félagsmönnum um hvers konar efni helst er óskað eftir.

## Landsmót A og B sveita

Þegar við höfðum skilað af okkur maraþontónleikunum í nóvember hófst vinna á fullum krafti við að undibúa landsmót A og B sveita í Garðabæ sem haldið verður dagana 29. apríl til 1. maí. Frumvinnan fólst í því að gera aðgerðalista sem byggður var á lista sem Martin Markvoll gerði fyrir landsmótið í Stykkishólmi. Hugmyndin er að fá fagmann til að setja listann upp þannig að hann muni nýtast fyrir undirbúning landsmóta í framtíðinni. Fjárhagsáætlun var síðan unnin fyrir mótið og miðað við að um 500 hljóðfæraleikarar myndu mæta á mótið. Það leiddi að þeirri niðurstöðu að mótsgjald var ákveðið kr. 15.000 á hvern þátttakanda og að gefinn yrði 1500 króna afsláttur til þeirra sem gerðu upp að fullu fyrir 1. mars. Alls voru síðan skráðir 600 nemendur og 100 fullorðnir á mótið og stefnir í skemmtilegt og spennandi mót. Skipulag mótsins annaðist stjórn SÍSL í mjög góðri samvinnu við heimamenn, en þar hefur Linda Margrét Sigfúsdóttir verið í forsvari og séð um að leysa úr öllum verkefnum. Þegar þetta er ritað er mótsblaðið komið í prentun, stuttermabolirnir sömuleiðis og almennt búið að ganga frá flestum hlutum vegna mótsins. Næst er bara að mæta og njóta.

## Fjárhagur

Núverandi stjórn tók við góðu fjármálabúi. Hrein eign félagsins var rúmar átta miljónir og hefur lítið gengið á þá upphæð í vetur. Þar sem styrkir fengust að miklu leyti á móti útsetningum sem keyptar voru og fyrir maraþontónleikunum gekk lítið á peningaeignina og ljóst að ný stjórn þarf að vera dugleg að eyða peningum á næsta starfsári.

## Að lokum

Samstarf í stjórn SÍSL hefur gengið mjög vel í vetur, sem og samvinna okkar við SÍSL-ara um land allt. Við fengum mjög góð viðbrögð við maraþontónleikunum í haust og höfum einnig fundið fyrir góðum áhuga á landsmótinu í Garðabæ. Samvinna við mótshaldara þar hefur einnig verið til fyrirmyndar. Fjárhagslega standa samtökin mjög vel og það gerir okkur kleift að vera stórhuga á næstu árum.

Ég vil þakka félögum mínum í stjórn fyrir gott samstarf á árinu og um leið þakka öllum félögum SÍSL fyrir góða viðkyrningu og samvinnu. Sérstaklega vil ég þakka Snorra Heimissyni fyrir samstarfið en hann hverfur nú úr stjórn SÍSL á vit annara ævintýra.

Lýkur þar með skýrslu stjórnar SÍSL fyrir starfsárið 2015 – 2016.

Össur Geirsson,  
formaður SÍSL

# Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.24

Símafundur, haldinn 16. júní, kl. 10:00.

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Gestur Áskelsson, Guðmundur Vilhjálmsson.

## 1 Verkaskipting

Össur Geirsson formaður

Ella Vala Ármannsdóttir ritari

Kristjón Daðason -fjarverandi, mun vera beðinn um að taka að sér gjaldkerastarfið - (Össur sér um að tala við Kristjón).

Gestur Áskelsson og Guðmundur Vilhjálmsson meðstjórnendur

## 2 Landsmót síðastliðinn apríl/maí

Gekk mjög vel að mati okkar. Einnig fjárhagslega.

Búið að fá allar greiðslur inn.

702 gjöld voru greidd

Þar af 651 lægri upphæð og 51 hærri upphæð.

Þetta gefur innkomu 9,5 milljón, gjöld voru 8 milljónir.

Hagnaður 1,5 milljón

Garðbæingar fá 912.000 í sinn hlut

Fjárhagsáætlun gekk upp að mestu leyti, þeir kostnaðarliðir sem ekki var gert ráð fyrir voru:

- Eyrnatappar
- Ljósmyndir á meðan æfingum stóð
- Þríf
- Trommukennsla - hér þarf að ganga frá samningum fyrirfram svo ekki komi bakreikningar okkur í opna skjöldu.

Rætt var um hagræðingar til framtíðar t.d. Hvort hægt væri að endurtaka mót á sama stað okkur til þæginda. Össur taldi það ólíklegt þar sem vinnan við svona mót er gífurleg fyrir mótshaldara. Okkur þykir almennt gaman að fara á milli staða. Rætt var um að A-sveita mót og C-sveitamót væri hentug að halda á höfuðborgarsvæðinu (c-sveit vegna kostnaðar við ferðalög fyrirlesara t.a.m.) en B-sveit hentugust til að fara í lengri ferðalög.

## 3 Næsta landsmót

C-sveit

Nefndir staðir: Akranes-Seltjarnarnes/Blönduós/Þorlákshöfn/Hveragerði

Ca. 200 manns

Heppileg tímasetning í janúar 2017 eða í síðasta lagi 1. helgi í febrúar.

Gestur ætlar að kanna Þorlákshöfn

Össur mun kanna Akranes -Lárus Sighvatsson

Guðmundur mun kanna Hveragerði -Jóhann Stefánsson

Fyrir þetta landsmót þarf 1 stóran sal og margar smærri stofur fyrir workshops og fyrirlestra.

Hugmynd að hafa bara 2ja daga mót

#### 4 Næsti fundur

Næsti fundur verður miðvikudaginn 22.júní í Digranesinu, æfingahúsnæði Skólahljómsveitar Kópavogs, klukkan 9:00

Fundi slitið kl. 10:30

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir



## 2. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.2

Fundur, haldinn 22. júní, kl. 9:00 í húsnæði Skólahljómsveitar Kópavogs í Digranesi.

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Kristjón Daðason og Guðmundur Vilhjálmsson. Gestur Áskelsson forfallast vegna utanlandsferðar.

### 1 Gögn

Össur hefur verið að fara yfir fundargerðir frá árinu 1998, einhver gögn hafa týnst.

Gott væri ef allar fundargerðir verði vistaðar inn á google-drive og eins pdf kópía á heimasíðu.

Rætt um það hvort fjárfesta ætti í kubbi eða dropbox fyrir nótur. Okkur sýnist dropbox vera hagstæðari möguleiki og minni líkur á að það lendi í þvottavélinni.

### 2 Gjaldkeri

Kristjón mun taka þetta starf að sér.

### 3 Undirskriftir

Skrifað var undir umboð gjaldkera félags og tilkynningu um stjórnarkjör félags frá Arion banka.

### 4. Skipulag reikninga

Fá betra skipulag á reikninga félagsins

Debetreikningur

Millireikningur (bundinn t.d. Í mánuð)

Reikningur bundinn til 3-12 mánaða (setja megnið af peningunum þangað)

### 5. Landsmót

Staðsetning landsmóts. Össur talaði við Lárus Sighvatsson á Akranesi, jákvæður.

Guðmundur Óli Gunnarsson nýkjörinn skólastjóri tók vel í þetta, en tímasetningin þyrfti að vera eftir janúar.

Guðmundur náði ekki í Jóhann Stefánsson í Hveragerði en mun athuga aftur á næstunni.

Skipulag: Fyrirlestrar, viðhald hljóðfæra, smáar einingar brasskvintett/ brass-samspil - flautusamspil - blásarakvintett - saxófónasamspil -trommusamspil -jóga -líkamsbeyting o.s.frv. Sama módel og var reynt í Reykjanesbæ. Við miðum við 2ja náttu fyrirkomulag.

### 4. Styrkur fyrir uppbyggingu í blásarastarfi

Rætt var hvort ekki ætti að hjálpa tónlistarskólanum á Akranesi að rífa upp bláarakennslu þar, þar sem það er í lágmarki núna. Með því að styrkja hljómsveitir sem hafa áhuga að fara og spila í grunnskólanum á skólatíma. Borga rútukostnað t.d. Allir sammála um að það sé afbragðs hugmynd og er vissulega hlutverk SÍSL að byggja upp starfið á landsvísu.

## 5. Óskalög í Hörpu

13.nóvember er frátekin dagssetning.

Rætt um fyrirkomulagið,

- opnara lagaval fyrir hljómsveitirnar
- Hafa a.m.k. Eitt íslenskt lag
- C-sveit með eitt skylduverk-gaman að heyra mismunandi túlkanir
- Halda áfram að láta útsetja fyrir SÍSL

## 6.Styrkir

Stef styrkti síðasta haust 1 A-sveitar 2 B-sveit og 1 C-sveit útsetningar en C-sveitar útsetningin hefur ekki verið kláruð.

Kaupum við útsetningu Össurar af C-sveitar útsetningu af Söknuði sem hefur nú verið endurskoðuð? Stjórnin samþykkir það. Nótnefndin þarf svo að skoða það.

Kári Húnfjörð Einarsson er með útsetningar sem hann vill hugsanlega selja okkur.

## 7. Næsti vetur, verkefni:

Útgáfa nótna

Óskalög í nóvember

Landsmót í byrjun febrúar

Hvetja hljómsveitir í stuttar ferðir

Kristjón hittir Snorra á næstu vikum og þeir fara saman í bankann.

## Næsti fundur, stefnt að lokum ágústmánaðar

Fundi slitið kl. 10:20

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

### 3. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.3

Símafundur 2.september 2016

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Kristjón Daðason, Guðmundur Vilhjálmsson og Gestur Áskelsson

#### 1 Nýr fundatími

9:30 - 10:15 nýr fundatími, samþykkt á fundinum.

#### 2 Landsmót C-sveita

Guðmundur Óli Gunnarsson skólastjóri tekur vel í að halda landsmót á Akranesi 3.-5. febrúar er góður tími fyrir hann og stjórn líst vel á þá. Össur mun tala við Guðmund Óla og festa þessa dagsetningu.

Aldurstakmark á mótið verði 8.bekkur (13 ára)

Masterklassar hugmyndir:

- Guðmundur Óli Gunnarsson: hljómsveitarstjórnun
- Ingi Garðar Erlendsson, meðhöndlun hljóðfæra
- Gunnar Ben spuni
- Rúnar Óskarsson / Ari Bragason: æfingatækni
- Helga Kvam: Kynna tónheyrnarforrit/ æfingahjálparöpp o.s.frv. Ella Vala talar við hana.
- Stefanía Ólafsdóttir: hugleiðsla/ streitustjórnun
- Melkorka Ólafsdóttir: Jóga

#### 3 Nótnaútgáfa

Össur fékk nótur frá Kára Húnfjörð og setti undir nótnanefnd sem hefur gefið grænt ljós.

Þetta eru 6 lög fyrir byrjendur. Stjórnin á að kíkja á þetta og ákveða skal hvort eigi að kaupa allt eða bara að hluta. 4 frumsamin lög, góða mamma og hani krummi hundur svín. Láta Össur vita fyrir mánudaginn.

45.000 fyrir hverja útsetningu Spurning um að fá einhvern magnafslátt hjá Kára?

#### 4. Styrkur fyrir uppbyggingu í blásarastarfi

Purfum að setja niður texta , um það hvernig Sísl sér aðkomu sína í að styrkja þetta starf.

Ella Vala tekur þetta að sér.

- Ferðastyrkir fyrir maraþontónleika
- Ferðastyrkir til að heimsækja aðrar hljómsveitir
- Ferðastyrkir til kynningar á hljómsveitarstarfi í grunnskólum

## 5. Óskalög í Hörpu

### **13. nóvember, sunnudagur**

30 mínútur á hljómsveit, ca. 7 lög (20 mínútur).

Leggjum áherslu á íslenskt efni, en annars er þemað mjög opið.

Við eigum 500.000 krónur í styrk fyrir þessum viðburði.

Næsti fundur 9. september, Fundi slitið kl. 10:20

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

## 4. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.4

Símafundur 9.september 2016

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson og Gestur Áskelsson. Kristjón Daðason veikur.

### 1 Tenging við google-póstinn

[sislstjorn@gmail.com](mailto:sislstjorn@gmail.com), aðgangsorðið sisl2016

Farið var yfir hvernig hægt er að koma með tillögur að breytingum á skjölum og/eða fundargerðum.

### 2 Styrkveitingar

Farið var yfir bréf sem Ella Vala hefur gert drög að og rætt nánar. Enn má koma með athugasemdir á skjalið sem er á google-drive: Styrkur til uppbyggingar á blásarastarfi.

### 3 Útsetningar Kára

Við höfum nú farið yfir þessar útsetningar. Við sleppum þessu einfaldasta og þá eru það 5 lög sem við munum kaupa. Össur ætlar að tala við hann og athuga hvort hann vilji gefa okkur magnafslátt.

### 4 Landsmót

Búið að tala við Guðmund Óla og bæjarstjórnann á Akranesi.

Kristjón þarf að athuga hversu mikið var borgað í laun á síðasta C-sveitar landsmóti fyrir fyrirlesara.

### 5 Marapontónleikar

Nokkrir aðilar hafa sótt um, mætti minna á aftur í pósti til að fólk fari að taka við sér. Össur ætlar að taka að sér að skrifa leiðbeiningar til stjórnenda.

Mælumst til þess að hljómsveitir hafi 1-2 íslensk lög í prógrammi sínu, og noti til þess gagnabanka SÍSL. Krakkarnir í hljómsveitinni fá að velja a.m.k. eitt lag á prógramminu.

Næsti fundur 23. September, kl.9:30-10:15 Fundi slitið kl. 10:20

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

## 5. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.5

Símafundur 23.september 2016

Mættir eru: Össur Geirsson, Kristjón Daðason, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson. Gestur Áskelsson fjarverandi.

### 1 Landsmót 3.-5.febrúar 2017

Össur með hugmyndir að fleiri atriðum fyrir landsmótið, farið var yfir og sett í óskaröð, feitletrað hver talar við hvern.

1. Hlóðfæraviðgerðir nr.1 Tala við Inga Garðar Erlendsson, **Kristjón/ Sverri Guðmundsson Guðmundur/Halldór Sighvatsson Guðmundur/ Jón Björgvinsson Össur**
2. Sigrún Kristbjörg básúna - segja frá sínum verkefnum, Favela, fá hana til að spila eilítið, **Ella Vala**
3. Kynning á ungsveit Sinfóníunnar, heyra í Hjördísi Ástráðsdóttir **Össur/ tónlistarframhaldsskóli Freyja Gunnlaugsdóttir, Össur**
4. Æfingatækni, Intónasjón -hvernig ítónar maður rétt, Ari Bragi Kárason, **Kristjón**
5. Jóga, líkamsbeiting Melkorka Ólafsdóttir, **Ella Vala**
6. Veigar Margeirsson -kynning á kvikmyndatónlist, ca.klukkutímafyrirlestur **Össur**
7. Æfingaöpp, Helga Kvam, **Ella Vala**

#### **Pegar við höfum talað við ofantalið er þetta næst á lista:**

8. Hvernig á að stórna hljómsveit, Guðmundur Óli Gunnarsson
9. Spuni, Gunnar Ben
10. Guðmundur Óli , hvernig á að stjórna hljómsveit
11. Hugleiðsla streitustjórnun, Stefanía Ólafsdóttir

Laun fyrir fyrirlestur var á síðasta landsmóti 30.000 krónur fyrir klukkutímamann Kristjón ætlar að senda Snorra Heimissyni, sem var gjaldkeri í hittifyrra, póst og kanna það nánar.

### 2. Marapontónleikar 13.nóvember í Hörpu

13 slott af 14 eru komin,  
En engar umsóknir hafa borist frá landsbyggðinni.  
Höfum samband við nokkra staði, Ísafjörður, Norfjörður

**Guðmundur** heyrir í Sigríði Ragnarsdóttir, skólastjóra á Ísafirði og Skarphéðinn Húnfjörð  
Einarson á Blönduósi.

**Ella Vala** heyrir í Hildi Þórðardóttur á Norfirði

**Kristjón** heyrir í nýjum starfsmanni á Stykkishólmi

**Össur** heyrir í Lárusi Grímssyni

Ef einhver af landsbyggðinni er til í að koma er hægt að leysa nokkur slott.

Kristjón myndi vilja taka upp tónleikana, eventa films, kannar kostnaðinn við það.

### 3. Trompetleikur Björgvin Valdimarsson

Kristjón spjallaði við Björgvin um daginn um kennsluefni.

Væri sísl til í styrkja Björgvin til að búa til nýtt kennsluefni í trompetleik? Rætt, en engin ákvörðun tekin.

Næsti fundur 14. október, Fundi slitið kl. 10:20

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir



## 6. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.6

Símafundur 14.október 2016

Mættir eru: Össur Geirsson, Kristjón Daðason, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson.

### 1 Landsmót 3.-5.febrúar 2017

Farið yfir fólk sem viljum fá sem fyrirlesara, flestir mjög jákvæðir.

**Ella** Athuga betur Heiðrúnu Hámundadóttur, hafa samband við tónlistarkóla Akranesi.

**Gestur** tekur að sér að vera tengiliður stjórnar við Guðmund Óla Gunnarsson og fleiri sem tengjast landsmóti.

Atriði sem tala þarf um við Guðmund Óla.

- Kanna þarf hvort sé gístaðstaða fyrir 200 manns og æfingaaðstaða.

Sali þarf fyrir:

Flautuhóp -gæti orðið 40 manns

Klarinettuh

Saxófónhóp

Trompethóp

Blandað brass

Slagverkshópur

Blásarakvintett?

### 6-7 stórar stofur

**Tónleikasal fyrir lokatónleika.** Gera þarf ráð fyrir allavega 500 áhorfendum.

-Aðstaða fyrir fyrirlestra og viðgerðastúdíó

Pub-quiz (sal tónlistarskólans?)

- Matur fyrir mótið. Skólamatur eða fyrirtæki á Akranesi?
- Mótsblaðið, hversu mikið vill Akranes leggja í mótsblaðið?
- Koma "tékklista mótshaldara" til hans

### Mótsgjald

Halda mótsgjaldinu sama og í fyrra 13.500 fyrir ákveðna dagsetningu og hækkar svo upp í 15.000.

Fyrir 15. desember 13.500

Fyrir 15. janúar 15.000

**Ekki hægt að skrá/borga neitt eftir 15. janúar.**

Brýna þarf fyrir stjórnendum að þeir hafi yfirumsjón með því að greiðslur standist svo ekki verði vandamál.

**Ella Vala** Sendir póst á stjórnendur -allan póstlistann, biðja um skráningu og hversu margir hljóðfæraleikarar myndu koma. Segja stuttlega frá mótinu og það verði með svipuðu sniði og í Reykjanesbæ 2015

Guðmundur athugar hvort tónlistarskóli Ísafjarðar fái ekki örugglega alla pósta.

## 2. Marapontónleikar

Ella Vala sendir út póst og minnir á marapontónleikana.

Tónleikabilin eru 11-18:00 spyrja hvort þau vilji vera á sérstökum tíma, við minnum á að það er algjör skilda að hlusta á a.m.k. eina hljómsveit á eftir þeirra slotti.

C-sveit Mosó og B-sveit Grafarvogs verði ekki hlið við hlið

### Kynnir:

Hugmyndir:

1. Laufey Ólafsdóttir skólastjóri tónlistarskóla Garðabæjar **Guðmundur talar við hana.**
2. Rúnar Óskarsson
3. Haraldur Árni Haraldsson

**Kristjón:** Tekur að sér kynningar í blöðum og sjónvarpi fyrir Marapontónleikana.

Heyra þarf í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu sem fyrst, biðja um umfjöllun í vikunni á undan.

Senda ljósmyndara og skrifa um það í barnablaðinu. Krakka-RÚV, Krakka-fréttir.

Stöð 2 og Rúv komi á tónleika

Tónastöðin geri auglýsingu fyrir okkur annaðhvort skjáauglýsingu eða í útvarpið.

**Kristjón talar við Andrés.**

**Ljósmyndari:** Stefnum að því að taka myndir af öllum hópunum eins og í fyrra,

Hugmynd að spyrja Eypór Kolbeins. **Össur talar við hann.**

## Þáttökugjald SÍSL

**Kristjón** þarf að fara að rukka það inn þáttökugjaldið. Finna kennitölur og senda reikning.

## Nótnaútgáfa

Össur þarf að fá grænt ljós frá nótnanefnd SÍSL og ef þau samþykkja, kemur hann því á heimasíðu SÍSL.

**Næsti símafundur þriðjudagskvöld 25.10 kl.20:00, Fundi slitið kl. 10:25**

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

## 7. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.7

Símafundur 25.október 2016

Mættir eru: Össur Geirsson, Kristjón Daðason, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson.  
Ella Vala Ármannsdóttir boðar forföll vegna veikinda

### 1 Landsmót 3.-5.febrúar 2017

Farið yfir verklistann. Talað um ballið og hljómsveit á það.

Kristjón athugar með Agent Fresco og fleiri hljómsveitir

Höldum áfram með verklistann og höldum Guðmundi Óla við efnið.

### 2. Marapontónleikar

Athug með fjölmiðla - Kristjón er í því

Athuga með hvaða slagverk verður á staðnum og hver útvegar hvað.

Rúnar Óskarsson verður kynnir.

Össur athugar með Þorvald og Emil og slagverkssamsplið

### 3. Þáttökugjald SÍSL

**Kristjón** ætlar að fara að rukka inn þáttökugjaldið. Finna kennitölur og senda reikning.  
12.000 krónur á hljómsveit

**Næsti símafundur þriðjudagskvöld 1. nóvember kl.20:00,**

**Fundi slitið kl. 20:40**

Fundargerð ritaði Össur Geirsson

## 8. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.8

Símafundur 1.nóvember 2016

Mættir eru: Össur Geirsson, Kristjón Daðason, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson.

### 1 Marapontónleikar

Kynningar: Kristjón hringdi upp á RÚV, talaði við krakkaRÚV, gefur svar á morgun. Hringdi einnig í Stöð 2. Hringdi í Tónastöðina en hefur ekki náð á Andrésí. Einnig reynt að fá tengsl við Bergson og Blöndal. Össur myndi vera tilbúinn til að fara í viðtal ef svo ber undir.

Össur hefur talað við Eypór Kolbeins. Hann er til í taka myndir, hópmyndir af hljómsveitunum, en segist ekki vera með nógu góða myndavél til að taka myndir inni í salnum. Hann vill ekki greiðslur fyrir það.

**Gestur** þekkir mann sem hefur verið að taka myndir í þessum sal og mun athuga málið.

Skipulagsatriði: Ef stjórnandi er með tvær sveitir í einu slotti þarf að taka myndir á undan slottinu af fyrri hljómsveitinni og á eftir slotti af seinni.

Þarf að tala við STEF og athuga hvort við þurfum að borga STEF-gjöld miðað við að þetta séu skólatónleikar og frítt inn. **Gestur tekur þetta að sér.**

Þurfum að senda út skjal til foreldra; sendum á stjórnendur sem koma svo skilaboðunum áfram **Ella útbýr það.** Taka fram að allar sveitir fari beint í myndatöku eftir sinn performance, svo ganga frá hljóðfærum og svo finna pabba og mömmu og horfa á næstu hljómsveit.

Upplýsingar á heimasíðuna og event á facebook, **Kristjón tekur það að sér.**

Kynnir verður Rúnar Óskarsson, klarinettuleikari.

**Kristjón** tekur listann frá því í fyrra og kanna hvað Einar Jónsson á. Svo reddar Össur restinni. Þetta þarf að gerast eldsnemma á sunnudeginum. Við borgum Einari leigu fyrir það ef hann er til í þetta.

Uppstilling á sviði: Við erum öll ánægð með uppsetninguna sem var í fyrra og munum við nota sömu. **Össur** þarf að panta þessa uppstillingu, athuga með statíf og hvar við getum pakkað upp þar sem Silfurberg er ekki í boði að þessu sinni.

Ýlir gaf okkur styrk snemma á árinu 500.000 sem fara á í verkefnið. Hann mun dekka kostnaðinn að stórum hluta.

## 2. Varastjórn virkjuð

Ella Vala verður fjarri góðu gamni á Óskalögum í Hörpu. Rætt var hvort kalla ætti út varastjórnina til að koma og hjálpa. Varastjórnin er Daði Þór Einarsson **Kristjón talar við hann**, Braji Vilhjálmsson **Guðmundur talar við hann**.

## 3. Gjaldkeri: Reikningar

Kristjón hefur sent út reikningana fyrir félagsgjöldunum.

## 4. Landsmót

Guðmundur Óli Gunnarsson hefur hafið undirbúning. Er búinn að panta íþróttahúsið og gístaðstöðu Akranesi. Spurði hvort hægt væri að útbúa dagskrá í grófum dráttum og senda á hann.

## 5. Lög Kára Húnfjörð

Kári er búinn að klára útsetningar fyrir byrjendahljómsveit, nótnanefnd er með þau til yfirferðar: Karen hefur sent svar með athugasemdum en ekki Daði.

## W6. Íslensk lög

Kristjón ætlar að skanna inn nótur að íslenskum lögum sem hann hefur undir höndum, þegar hann hefur tíma.. Á sprengisandi t.d.

**Verðum í tölvupóstsambandi og boðað verður til fundar ef þess þurfa þykir fyrir Óskalaga dagsetninguna sem er 13.nóv, Fundi slitið kl. 20:48**

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

# 9. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.9

Símafundur 18.nóvember 2016

Mættir eru: Össur Geirsson, Kristjón Daðason, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson.

## 1 Óskalögin

Þakkið fá stjórn og varastjórn fyrir alla hjálpinu,

Viðburðurinn gekk mjög vel og stórslysalaust. Allir voru glaðir og kátir. Uppþökkunarsvæðin gengu vel upp.

Kristjón: vill að hver hljómsveit hafi einn fulltrúa með sér sem sér um að taka á móti krökkunum svo foreldrar séu ekki að fylgja. Það var eitthvað um það að foreldrar fylgdu ekki fyrir mælum. Umfjöllun var nánast engin. Smá í Morgunblaðinu. Andrés í Tónastöðinni bjargaði okkur með auglýsingu.

Kristjón gengur frá:

Uppgjör: reikningur frá 460.000

Borga þarf: Kynnir 70.000, sendibíll, brauð, ferðakostnaður Ísafjarðar, ljósmyndari.

## 2. Útsetningar Kára Húnfjörð

Komnar á Sísl síðuna.

Kærar þakkið fyrir Kára fyrir þessar útsetningar sem munu vonandi nýtast vel fyrir byrjendasveitir útum allt land.

## 3. Landsmót

Guðmundur hefur sent Guðmundi Óla bréf um dagskrá mótsins, studdist við dagskrá frá síðasta landsmóti Reykjanesbæ. Krakkarnir þurfi að vera búin með grunnpróf eða á því leveli.

Miðað hefur við 13 ára (8.bekk).

Senda þarf skráningarbréf.-Össur setur það saman og setur saman texta til að senda á stjórnendur til að fylgja skráningarskjál.

Guðmundur heldur áfram að vera tengiliður við Akranesingana.

-Þeir treysta sér ekki í að gera mótsblað.

Við þurfum þá að prenta bækling með dagskránni. Ella Vala býðst til að vinna í honum.

Vegna balls:

Kristjón hefur sent tölvupóst á MC Gauta, hefur ekki fengið svar en er að vinna í því.

Kristjón spyr einnig Retró Stefson.

Búið að taka íþróttahúsið frá fyrir tónleika og ball. Tónlistarskólinn fyrir námskeið og annað húsnæði í nágrenni hans.

Greiðsla gjalds, deadlines:

Fyrir 15.desember 13.500

Fyrir 15.janúar 15.000

**Ekki hægt að skrá/borga neitt eftir 15.janúar.**

**4.Gjaldkeri: Reikningar-greiðsla félagsgjalda**

Frágengið-mun hringja í bankann til að vera viss.

**Næsti símafundur fös 25.11 kl.9:30, Fundi slitið kl. 10:20**

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir



# 10. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.10

Símafundur 25.nóvember 2016

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson.

## 1 Landsmót

Kvöldskemmtun: Diskótekið Dísá - Gestur heyrir í Lindu Sigfúsdóttur til að kanna möguleika á diskótekara.

Guðmundur var í sambandi við Guðmund Óla Gunnarsson. Þjóðum honum á fundinn í Kópavogi næsta laugardagskvöld. Guðmundur býður honum á fundinn.

Dagskráin:

Veigar er laus og til í að koma þessa helgi.

Við höfum öll samband við okkar fyrirlesara skv. Aðgerðalista, fáum 100 prósent staðfestingu.

Skemmtiatriði á balli/uppbrot á dagskránni:

Kanna hvort Ari Eldjárn sé laus og hvað hann kostar, ca. 20 mín, prógramm fyrir 13-18 ára 200 manns

-Ella Vala talar við hann

Kanna hvort töframaðurinn sem var með okkur í fyrra, Jón Víðir, sé laus - uppbrot á degi

-Össur talar við hann

Valdi og Emil slagverksleikarar hafa óskað eftir því að taka þátt í landsmóti.

Rodrigo Lopes -brasilískir taktar: Ella Vala talar við hann

20-30 nemendur tímaplan (án ábyrgðar) 1,5 á föstudegi, 2,5 tímar á laugardegi, 1 tími á sunnudegi og tónleikar.

Sérstakar beiðnir:

Ása Berglind, stjórnandi SÁB hefur beið um undantekningu á aldursbili fyrir c-sveitina sína.

Stór hluti sveitarinnar hennar er í 6. Og 7. Bekk. Við ákveðum að halda okkur við aldursregluna, nema það séu 1-2 sem eru yngri, til að sporna við of miklum fjölda og að halda þessu fyrir eldri krakkana.

Guðmundur tekur að sér að tala við hana. Lætur Össur vita sem gefur henni formlegt svar.

**Næsti fundur heima hjá formanni á Marbakkabraut laugardag klukkan 18:00.**

**Fundi slitið kl. 10:15**

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir

# 11. Stjórnarfundur SÍSL

Fundargerð nr.11

Fundur á Marbakkabraut 11, 3.desember 2016

Mættir eru: Össur Geirsson, Ella Vala Ármannsdóttir, Guðmundur Vilhjálmsson, Gestur Áskelsson, Kristjón Daðason og Guðmundur Óli Gunnarsson.

## 1 Landsmót

### Fyrirlesarar/kennarar og skemmtarar

- Slagverk:

Spurning hvornig Rodrigo myndi standa að námskeiði fyrir slagverskleikara námskeiðsins?

Ella talar við hann.

Ekki hefur Össur ennþá náð í Þorvald og Emil.

- Melkorka Ólafsdóttir staðfest
- Sigrún Kristbjörg hefur staðfest
- Kristjón þarf að tala við Ara Braga
- Ekki hefur enn náðst í Veigar, Össur heldur áfram að reyna að ná í hann
- Dóri DNA sem skemmtiatriði á laugardagskvöldi? -Ella kannar Dóra DNA
- Hjördís kynnir ungsveit og Freyja Gunnlaugsdóttir tónlistarmenntaskóli staðfest
- Halldór hljóðfæraviðgerðamaður er 99% viss um að hann komi
- Ingi Garðar hefur staðfest
- Jón Björgvinsson trommuleikari, Össur heyrir í honum aftur
- Jón Víðis trúður, um miðjan dag á laugardegi. Gestur talar við hann
- Diskótekið Dísar er til í að skemmta. Ætlar að gefa upp verð. Gestur er í sambandi við hann og spyr út í hvaða græjur hann þarf.

### Rými fyrir æfingar á Akranesi

Lýtur út fyrir þrjú rými í tónlistarskólanum.

1 rými max 40 lúðrasveitarstofan,

1 rými 25 tónfræðistofan ekki hljóðeinangrun milli fyrirlestrasalar,

1 rými 15-20 manns,  
gangurinn einnig möguleiki,  
Salurinn í tónó rúmar 170 sæti fyrir fyrirlestur.

1 rými 40 rétt hjá sem Guðmundur Óli reynir að fá, þarf að athuga hljóðvistina.  
Brökkubæjarskóli (ca. 10 mín labb) þar verður gisting og möguleiki til að halda ball.

Eyrnatappar frá síðasta Landsmóti, kassinn hefur týnst? Guðmundur athugar málið.

## **Matur fyrir Landsmót:**

Ekkert foreldrafélag hefur verið starfandi á Akranesi, þýðir það að treysta þyrfti meira á fararstjóra með vaktir og annað þar sem þarf mannafla til.

Einhver foreldrakjarni þyrfti þó að vera til staðar.

Guðmundur Óli mun hafa samband við þau fyrirtæki eða einstaklinga sem hafa eldað fyrir skólann. Einnig veit hann af veitingastað ekki langt frá skólanum sem tekur nokkuð marga í sæti. Þetta þarf að kanna og gera verðsamanburð.

Venjan hefur verið að borga 1300 krónur á haus sem er þóknun til foreldrafélagsins fyrir að taka á móti okkur.

### **Það sem við þurfum**

4 heitar máltíðir (föstudagskvöld, laugardagshádeggi, laugardagskvöld, sunnudagshádeggi)

2xmorgunmatur í skólanum

Kaffihressing á laugardaginn

Æfingahressing á laugardags og sunnudagsmorgni (ávextir)

Hressing til að taka með á sunnudaginn (einfalt, prince polo og safi t.d.)

## **Tónleikar á sunnudegi**

Ekki þarf að borga fyrir íþróttahúsið fyrir tónleikana á sunnudeginum.

Rætt var hversu marga áhorfendur má búast við. Við sjáum fyrir okkur um 400 áheyrendur.

## **Landsmótsblaðið**

Ekki í raun þörf fyrir það en smá bæklingur eða samanbrotið A4 blað með Dagskrá, kort af svæðinu með merktar staðsetningar gistingu/æfingasvæði/íþróttahús þarf að útbúa.

## **Mótssetning**

Getur verið í sal tónlistarskólans.

Fá tónlistaratriði, Hljómfríður eða Ventusbrass?

Stefnt að því að kíkja upp á Akranes og athuga aðstæður í janúar.

Fundi slitið klukkan 18:45, næsti fundur mánudaginn 12. desember kl. 11:35

Fundargerð ritaði Ella Vala Ármannsdóttir